

FUNDARGERÐ

Fundur nr.25 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn fimmtudaginn 22. ágúst 2019 kl.17:00

í fundarsal Hótel Vestmannaeyja.

Mættir eru: Arnar Pétursson, Guðlaugur Friðþórsson, Agnes Einarsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Birna Vídó Þórsdóttir og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Páll Þór Guðmundsson var staddur í Reykjavík og sat fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Byrjað var á að samþykka síðustu fundargerð með viðeigandi breytingum vegna prentvillu.

Á dagskrá fundarins voru fimm dagskrárlíðir:

1. Fraktflutningar með nýju skipi.

Páll Þór vék af fundi meðan fraktflutningar voru ræddir.

Inn á fund komu eftirtaldir aðilar: Styrmir Jóhannsson framkvæmdastjóri og Elías Árni Jónsson stjórnarformaður Fiskfragt ehf. ásamt þeim Daða Pálssyni og Hallgrími Steinssyni frá Löngu ehf. Þeir höfðu óskað eftir að fá að koma á fund með stjórn Herjólfss ohf. Fiskfragt er dótturfyrirtæki Löngu og þjónustar öll helstu sjávarútvegsfyrirtæki í Vestmannaeyjum. Komu þeir sínum sjónarmiðum á framfæri við stjórn og viku síðan af fundi. Er þeim þökkun góð kynning og málefnalegar umræður.

2. Fundur með Vegagerðinni.

Páll Þór kemur aftur inn á fund gegnum síma.

Arnar og Guðbjartur upplýstu stjórn um fund með Vegagerð ásamt fulltrúum Analytica föstudaginn 16.ágúst sl., þar sem farið var yfir uppgjör vegna tafa á afhendingu nýrrar ferju.

3. Þjóðhátíð.

Farið yfir ýmis mál varðandi síðustu Þjóðhátíð og rætt hvað betur má fara.

4. Bókunarkerfi.

Tafir hafa orðið á tengingu bókunarkerfis við fjárhagsbókhald. Þetta hefur tafið uppgjörsvinnu fram úr hófi. Guðbjartur upplýsti á fundinum að fulltrúar Carus teldu vinnuna langt á veg komna og að tenging ætti að takast á allra næstu dögum.

5. Önnur mál.

Ýmis önnur mál rædd, ss. skipulagsmál á bryggju, siglingaáætlun ofl.

Fleira ekki gert, fundi slitið um kl.19:30.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir, ritari stjórnar.